

Barnaspítali Hringins
b.t.
Hringbraut
101 Reykjavík

forstöðumanns fræðasviðs

Reykjavík, 19. janúar 2012

Efni: Beiðni um fund vegna máls Jóels Gautar Einarssonar.

YY lögmansstofa gætir hagsmuna Auðbjargar Reynisdóttur, kt. 210161-2289, sem verið hefur í samskiptum við Barnaspítala Hringins og önnur heilbrigðisyfirvöld á síðustu misserum í tengslum við andlát sonar hennar Jóels Gautar Einarssonar, kt. [redacted], sem lést á Barnaspítalanum 24. febrúar 2001.

Í kjölfar kvörtunar umbj. míns til embættis Landlæknis leiddi rannsókn í ljós að mistök við greiningu leiddu til láts Jóels. Var sú niðurstaða staðfest í erindi Landlænisembættisins dags. 4. október 2011.

Í afsökunarbréfi sem undirritað er af helstu forsvarsmönnum Barnaspítala Hringins, dags. 15. nóvember 2011, var umbj. mínum gert boð um fund með fulltrúum spítalans vegna málsins. Hefur umbj. minn falið mér að sækja slíkan fund fyrir sína hönd og er hér með formlega óskað eftir að til hans verði boðað, m.a. með tilliti til þess að ná hugsanlegum sáttum í máli þessu.

Er því hér með óskað eftir að fulltrúar Barnaspítalans leggi til hentuga tímasetningu fyrir slíkan fund.

Virðingarfyllst,